

# Fréttapistill frá forseta Íslands

11. nóvember 2019

Í nýliðinni viku kenndi margra grasa að venju. Mánudaginn 4. nóvember voru ýmsir fundir og viðburðir, meðal annars viðtal við tímaritið „The Oxford Student“ þar sem ég rifjaði upp námið þar ytra. Daginn hóf ég hins vegar á því að fylgjast með Þorgrími Þráinssyni ræða við nemendur í 10. bekk Álftanesskóla um lífið og tilveruna.

Þorgrímur nær vel til ungmenna; hann talar við þau, ekki til þeirra. Í máli sínu ítrekaði hann m.a. að fólk yrði að axla ábyrgð á eigin lífi og maður yrði að geta mætt mótbyr. Maður þarf líka að leita aðstoðar þegar þörf krefur, vera ekki hræddur að ræða við aðra um vandamál sem geta svo sannarlega komið upp. En það er svo mikilvægi að unglingar temji sér virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum. Byrja á því að búa um rúmið sitt á morgnana, sagði einhver og mjór er mikils vísir.

Á meðan ég fylgdist með Þorgrími og unglingum, sem fylgdust vel með, rifjaðist upp hvað maður gat verið afskaplega feiminn á þessum árum, og hvernig það háði manni. Ég er viss um að leiðbeiningar í lífsleikni og áhersla á að auka sjálfstraust ungmenna skili miklu þegar upp er staðið. Auðvitað þarf að kenna hin hefðbundnu fög og láta nemendur reyna á sig, finna kraftinn sem kemur með því að vilja standa sig. Fyrir nokkru las ég viðtal við ráðgjafa hjá Fjölsmiðjunni, því góða vinnusetri fyrir unglinga sem þurfa aðstoð við að koma sér á beina braut í námi eða vinnu, og hélt þessum orðum til haga: „Krakkarnir sem koma til okkar í dag eru með miklu flóknari og þyngri vanda en var fyrir nokkrum árum. Svo hefur það aukist að þau séu nánast ólæs og óskrifandi og treysti sér t.d. ekki til að fylla út einfalda umsókn með nafni og kennitölu. Hvernig er þetta hægt – þau hafa verið tíu ár í grunnskóla? Þetta vekur ýmsar spurningar.“

Þessum spurningum þarf að svara. Er nútímanám kannski of auðvelt? Þessar hugleiðingar um eftirlátssemi í skólakerfinu hef ég líka punktað hjá mér: „allt á að gera sem hagnýtast og auðveldast í upphafi, nemendur að finna sem minnst til brattans, varast skal að draga úr þeim kjark með því að láta þá nokkurn tíma kenna ofureflis.“ Vinsælt hefur verið að vitna í Sókrates sem er sagður hafa kvartað undan leti og hyskni í unga fólkinu „nú til dags“. Sönnu næst er þó að hann sagði aldrei neitt í þá veru. En orðin að ofan féllu í raun og veru og þau reit Sigurður Nordal, árið 1931. Allt var ekki alltaf miklu betra í gamla daga!

Kennsla og menntunaraðferðir hljóta að vera í sífelltri mótun og þá er sjálfsagt að stuðla að framförum, lofa það sem vel er gert. Síðasta þriðjudag var einmitt stigið öflugt skref í þá átt. Fyrst er þess að geta að þann dag, 5. nóvember, afhentu sendiherrar Belgíu og Súðans trúnaðarbréf sín á Bessastöðum og var fróðlegt að spjalla við fulltrúa þessara tveggja ríkja. Síðar um daginn var gleðistund hér, samkomulag undirritað um Íslensku menntaverðlaunin sem hafa nú verið endurvakin og má sjá frekari upplýsingar um þau hér:

[https://www.forseti.is/.../f2019\\_11\\_04\\_islensku...](https://www.forseti.is/.../f2019_11_04_islensku...)

Menntaverðlaunin eiga að hvetja kennara og annað starfslið skóla til menntaumbóta og metnaðar á öllum sviðum, nemendum og samfélaginu til góða. Mér þótti vænt um að Gerður Kristný rithöfundur féllst á að vera formaður viðurkenningarráðs sem er að öllu leyti vel skipað og mun velja verðlaunahafa þegar þar að kemur.

Síðasta miðvikudagskvöld sátum við Eliza svo afar skemmtilegan kvöldverð, en óvenjulegan sömuleiðis. Viðburðinn sátum við í boði MND félagsins og Hótel- og matvælasólans við Menntaskólann í Kópavogi, og var boðið í húsakynnum hans. Maturinn var allur fínmaukaður og orkubættur en reiddur fram á diskum á sérlega fallegan máta, og ekki var bragðið verra! Margt getur valdið því að fólk á erfitt með að tyggja mat og kyngja honum. Þessu matarboði var ætlað að vekja athygli á því og þeim leiðum sem hægt er að fara til að útbúa bragðgóðar og fallegar kræsingar sem renna ljúflega niður í maga. Í boðinu var m.a. fólk sem vinnur við matreiðslu á dvalarheimilum og sjúkrahúsum og fékk þarna eflaust góðar hugmyndir og innblástur. Myndir af réttum kvöldsins má finna á heimasíðu MND félagsins.

Guðlaug Gísladóttir næringarfræðingur, Guðjón Sigurðsson formaður MND félagsins og allir aðrir, sem komu að viðburðinum, eiga heiður skilið fyrir þetta frábæra framtak.

Miðvikudaginn 6. nóvember hóf ég á því að fjalla á morgunfundi Votlendissjóðsins um endurheimt votlendis á Bessastöðum. Undanfarin ár hefur verið unnið að því að fylla upp í skurði á landareigninni sem voru grafnir á sínum tíma í þágu túnræktar. En nú er öldin önnur og sjálfsagt færa land í fyrra horf eftir því sem tók eru á. Þannig tekst að binda kolefni, bæta kjörlendi fugla hér og stuðla að líffræðilegri fjölbreytni. Gaman er að vita til þess að bændur og aðrir landeigendur vilja margir endurheimta votlendi og mýrar með þessum hætti. Í erindi mínu vitnaði ég m.a. í hinu þekktu grein Halldórs Laxness um „hernaðinn gegn landinu“ sem birtist í Morgunblaðinu í árslok 1970. Þar sagði nóbelskálidið m.a.:

„Á síðustu áratugum hafa menn verið verðlaunaðir af hinu opinbera fyrir að ræsa fram mýrar, lífseigustu gróðursvæði landsins, undir yfirskini túnræktar. Seigar rætur mýragróðursins halda gljúpum jarðveginum saman og vatnið nærir fjölda lífrænna efna í þessum jarðvegi og elur smádyralíf sem að sínu leyti dregur til sín fugla. Mýrarnar eru stundum kallaðar öndunarfæri landsins. Þúsundir hektara af mýrum standa nú með opnum skurðum sem ristir hafa verið í þeim tilgáangi að draga úr landinu alt vatn; síðan ekki söguna meir: eftilvill var aldrei meiníngin í alvöru að gera úr þessu tún. Fer ekki að verða mál til að verðlauna menn fyrir að moka ofaní þetta aftur?“

Ég stóðst ekki mátið og kynnti mér viðbrögð manna við þessum skrifum skáldsins þegar þau birtust. Ekki er að undra að sumir brugðust ókvæða við og þótti vegið að bændum landsins og þeim sem strituðu í sveita síns andlitis að yrkja landið. Allt er gott í hófi. Að sjálfsögðu nýtist framræst land víða – en annars staðar er tilvalið að fylla upp í gagnslausa skurði í þágu umhverfis, lífríkis og loftslags.

Því miður náði ég ekki að fylgjast með öllum þeim fróðlegu erindum sem flutt voru á ráðstefnu Votlendissjóðsins vegna þess að leiðin lá á Grund, elliheimilið Grund eins og ég þekkti staðinn lengi en nú heitir hann dvalar- og hjúkrunarheimilið Grund. Þar hlotnaðist mér sá heiður að flytja stutt ávarp á opunarviðburði tónlistarhátíðarinnar

góðu, Iceland Airwaves. Síðan tók hljómsveitin Hjaltalín við og lék sínu ljúfu lög fyrir viðstadda, íbúa Grundar, leikskólabörn og gesti hátíðarinnar, marga að utan. Á útlendingunum mátti heyra hversu frábært þeim fannst að hefja leikinn á þessum stað.

Fimmtudaginn 7. nóvember bar það helst til tíðinda að ég flutti erindi á Sjávarútvegsráðstefnunni sem nú var haldin í tíunda sinn. Ávarpið má lesa á heimasíðu embættisins, sjá <https://www.forseti.is/.../2019-11-07-sj%C3%A1var%C3.../>.

Síðastliðið föstudag lá leiðin til Akureyrar. Hressandi var að hefja daginn þar með því að líta í sundlaugina og ræða við pottverja. Þeir eru líkir öðrum af því tagi á þessu landi, leysa vandamál heimsins að morgni en þurfa svo að setjast niður við þá iðju næsta dag og svo koll af kolli. Aukabónus nyrðra fólst í því að 10. bekkingar í sundkennslu brustu í söng, undir dyggri stjórn Jóhannesar G. Bjarnasonar íþróttakennara og eilífðarhandboltapjálfa. Þeir tóku lagið Rósina af öllum mætti og þakka ég fyrir þær góðu móttökur.

Erindið norður var ljúft, að sækja málþing helgað Vigdísí Finnbogadóttur og sitja athöfn þegar hún var sæmd heiðursdoktorsnafnbót við Háskólann á Akureyri. Vigdís flutti snjallt erindi um þjóðrækni og menningararf og fróðlegir fyrirlestrar voru fluttir. Mitt framlag má lesa hér: <https://www.forseti.is/.../2019-11-08-vigd%C3%ADs.../>.

Mér þótti gaman og við hæfi að benda í ræðunni á tvö ný rit, ætluð ungmennum, teiknimyndabók Ránar Flygenring og unglingskaldsögu Brynhildar Þórarinsdóttur, Ungfrú fótbolta. Þar kemur Vigdís við sögu og vitnaði ég m.a. í þessi orðaskipti þar:

Þjálfarinn glotti ... áður en hann sneri sér ... að okkur stelpunum: „Farið heim að leika ykkur stelpur mínar. Það er komið nóg af truflunum.“

Ég fann reiðina rífa upp blóðþrýstinginn en reyndi samt að halda röddinni rólegri þegar ég jós yfir hann: „Mikið rosalega ertu gamaldags.“

Það er komið árið 1980 – sættu þig við það. Kona er að verða forseti. Þú getur ekki bannað stelpum að spila fótbolta.“

Þjálfarinn skelli hló. „Ég á nú eftir að sjá það gerast að kona verði forseti. Það hefur alltaf verið karl í þessu embætti.“

Í hádeginu hélt ég í Fjölsmiðjuna á Akureyri og fékk þar staðgóðan heimilismat að hætti hússins. Þangað er gott að koma og þakka ég kærlega fyrir matinn og gestrisnina.

Á föstudaginn lést amma Elizu minnar, Betty Brown (f. Nicolson). Hún féll frá í hárríelli, nær 102 ára að aldri. Betty var lífsglöð og lífsreynd, af skoskum ættum og sannfærð um að í henni rynni eitthvert norrænt blóð, enda fædd í Wick (Vík) á norðurströnd Skotlands þar sem norrænir menn gerðu strandhögg á víkingaöld og settust einnig að. Betty þjónaði landi sínu í seinni heimsstyrjöld, var hjúkrunarkona í liði Kanadamanna á vígvöllum Evrópu. Ætíð var hún ljúf í lund og ég minnst hennar með mikilli hlýju. Blessuð sé minning Betty Brown.

Nánari fregnir má að venju finna á heimasíðu forsetaembættisins og hér að neðan eru nokkrar myndir af viðburðum nýliðinnar viku, auk myndar af Betty Brown sem tekin var hér á Bessastöðum sumarið 2016 þegar hún var 99 ára og hress að vanda.